

PAVEL MANÁSEK: SKIPAÐUR SKÓLASTJÓRI TÓNLISTARSKÓLANS Í BRNO

Gerir það gott í Tékklandi

Organistinn Pavel Manásek, sem bjó á Íslandi um sextán ára skeið, var nýverið skipaður skólastjóri Tónlistarskólans í Brno sem er næststærsta borg Tékklands. „Skólinn heitir á tékknesku Konservator Brno en þar læra nemendur ýmist á hljóðfæri, söng eða leiklist og eru skólar sem þessir oft nefndir School of Music and Drama á ensku,“ segir Pavel sem talar nánast óaðfinnanlega íslensku.

Skólinn, sem er ætlaður nemendum á menntaskólastigi, eða á aldrinum fimmtán til rúmlega tuttugu ára er ríkisrekinn og eru tíu til fimmtán sams konar skólar í öllu Tékklandi. „Nemendur útskrifast með stúdentspróf en bæta síðan við sig tveimur árum á sínu sérsviði ásamt kennslufræði.“

Skólinn í Brno var stofnaður af tékkneska tónskáldinu Leos Janáček árið 1919 og er því níutíu ára á árinu. Pavel á því sérstaklega annríkt um þessar mundir. „Það hefði nú kannski verið betra ef afmælisárið væri að baki þar sem ég er bara nýtekin við því það er alveg nóg að halda utan um þá 360 nemendur og þá 156 kennara sem stunda nám og starfa við skólann,“ segir Pavel sem heldur þó vel á spilunum.

Hann flutti til Íslands ásamt konu sinni, Vieru Manásek, árið 1991 og bjuggu þau á Djúpavogi fyrstu tvö árin. „Síðan fluttum við til Reykjavíkur og starfaði ég sem organisti í Háteigskirkju til ársins 1999. Eftir það fór ég í námsleyfi til Tékklands og lærði hljómsveitarstjórnun en við endurkomuna til Íslands var ég ráðinn organisti við Árbæjarkirkju.“ Pavel var einnig kórstjóri karlakórsins Söngbræðra og gospelkórs Árbæjar-



TEKUR VIÐ Á AFMÆLISÁRI Tónlistarskólinn í Brno var stofnaður af tónskáldinu Leos Janáček árið 1919 og er því níutíu ára á árinu.

MYND/ÖR EINKASAFNI

kirkju ásamt því að vera skjalavörður Sinfóníuhljómsveitar Íslands og undirleikari í Leiklistarskóla Íslands. Hann kom því víða við og eignaðist marga góða vini. „Ég er ekki búin að gleyma Íslandi og er nú þegar búinn að bjóða nemendum í Listaháskóla Íslands til okkar í mars á næsta ári.“

Eiginkona Pavels er líka að gera það gott í Tékklandi en hún var organisti við Seltjarnarneskirkju og

nam óperusöng við Nýja tónlistarskólann hjá Alinu Dubik. Hún er sólisti í kammersveitinni Virtuosi di Praga og hefur meðal annars ferðast með henni til Íslands og út um alla gömlu Tékkóslóvakíu.

Pavel segist á margan hátt sakna Íslands. „Það er talsvert flóknara að búa í tíu milljóna manna landi en á Íslandi og bið ég fyrir góðri kveðju til allra vina minna.“ vera@frettabladid.is